

Vorfundur Tónlistarskóla Árnesinga bs. 28. apríl 2025

Inngangur

Húsnæðismál settu svip á vetrarbyrjun, þegar við þurftum að flytja allan búnað af Eyravegi 15 vegna myglu. Við fengum inni í Stekkjaskóla með hluta kennslunnar, en svo sýndu kennarar aðdáunarverða færni við að koma saman stundaskrár svo allt komst fyrir í húsnæði skólans við Eyraveg 9 og í Stekkjaskóla. Um áramót opnaðist viðbótarrymi í Stekkjaskóla sem losaði um aðþrengda kennslu og hefur farið vel um kennara og nemendur seinni hluta vetrar.

Nokkur deyfð var yfir umsóknum sl. haust og var biðlistinn óvenju stuttur þegar við hófum kennslu. Þegar leið á vetur virtist fólk þó taka við sér og fóru nöfn að tínast inn á listann smátt og smátt. Varð það til þess að við settum okkur í samband við nokkur sveitarfélög um viðbót við þann kennslukvóta sem við læstum í haust og bættust þá við nokkrir nemendur. Það er ánægjulegt að viðsnúningur virðist orðinn hvað aðsókn varðar og vonandi sjá sveitarfélögin sér fært að koma til móts við aukinn áhuga.

Samstarfsverkefni Flóahrepps, Flóaskóla og Tónlistarskóla Árnesinga. Í Flóaskóla hefur verið kennt á hljóðfæri um árabíl, en vegna kennaraskipta féll þessi kennsla niður sl. tvö ár. Með sameiginlegu átaki sveitarfélags, grunnskóla og tónlistarskóla var tónlistarkennslu í Flóaskóla aftur ýtt úr vör frá 1. febrúar og þáðu 15 nýir nemendur boð um píanónám á skólatíma. Það er Timothy Andrew Knappett píanókennari, sem sér um kennsluna. Við þökkum frábært samstarf við Flóahrepp og Flóaskóla við undirbúninginn.

Vetrarstarfið 2024 – 2025

Vetrarstarfið hófst með hefðbundnum hætti, en fyrstu tónleikar vetrarins var þátttaka sex fyrrverandi og núverandi fiðluleikara úr Tónlistarskóla Árnesinga, á tónleikum **Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands** í Eldborgarsal Hörpu. Til að taka þátt í Ungsveitinni þarf að undirgangast strangt profuspil og þéttar æfingar, sem þær stöllur skiluðu með miklum sóma og voru þær glæsilegir fulltrúar skólans!

Deildatónleikar voru allir haldnir í nóvember í Hátíðarsal Stekkjaskóla, nema söngdeildin hélt tónleika í Hveragerðiskirkju í desember.

Kórlögin hans Sigfúsar var heiti tónleika sem haldnir voru 19. nóvember 2024, til minningar um tvo heiðursmenn, þá Sigfús Ólafsson og Hjört Þórarinnsson. Sigfús Ólafsson starfaði við Tónlistarskóla Árnesinga 1982 – 2011, en hann lést árið 2021. Hjörtur koma að stofnun Tónlistarskóla Árnesinga árið 1955 og var um margra ára skeið fjármálastjóri skólans, eða 1978 – 2006. Hjörtur hafði sent skólanum erindi um að haldnir yrðu tónleikar með kórlögum Sigfúsar til að minnast 80 ára afmælis hans 2024. Hjörtur Þórarinnsson var því miður fallinn frá þegar að tónleikum kom og því minntumst við Hjartar um leið. Tónleikarnir voru haldnir í félagi við Söngsveit Hveragerðis undir stjórn Margrétar S. Stefánsdóttur, en bæði nemendur og kennarar Tónlistarskólans komu fram og bæði sungu og léku á hljóðfæri. Útsetningar allra verka voru eftir Ásgeir Sigurðsson fyrrverandi skólustjóra, en Jóhann I. Stefánsson aðlagði útsetningar að hinum ýmsu hljóðfærahópum.

Hefðbundnir hausttónleikar tóku við um mánaðarmót nóvember/desember um alla sýslu, og svo var haldið út um borg og bý að leika jólalög og aðra fallega tónlist fyrir samborgarana.

Jólaball Suzukideildar er alltaf stórviðburður með fjölda hljóðfæraleikara, dansi í kringum jólatré, söng og góðgæði.

Jólakveðja Tónlistarskóla Árnesinga var á sínum stað. Að þessu sinni var það sönghópur, eldri blokkflautusveit, trommuleikarar, sembal- og sellóleikarar sem fluttu jólakveðjuna og viðfangsefnið *í dag er glatt í döprum hjörtum*.

Endurmenntun kennara er viðfangsefni flestra starfsdaga skólans og í vetur höfum við m.a. verið með námskeið frá Jafnréttisskólanum um staðalímyndir um stráka og stelpur; námskeið um innleiðingu aðgerða vegna forvarna meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni; námskeið um húnor; sembalnámskeið og prófdómaranámskeið. Að auki eru kennarar oft fengnir til að halda erindi um ýmis málefni þar sem þeir hafa sérstaka innsýn í málefni, svo sem kennsluáðferðir, nám sem þeir stunda og fleira.

Í mars héldu **blokkflautusveitir skólans til Færeyja** og endurguldu þar heimsókn færeyskra blokkflautunemenda frá síðast liðnu ári. Tekið var einstaklega vel á móti hópnum og frábær upplifun að fá tækifæri til að spila í nýjum og glæsilegum tónleikasal Varpsins, sem er menningar hús Klakksvíkur.

Mið- og framhaldsdeildartónleikar voru haldnir í mars. Á þessum tónleikum má alltaf finna mikla orku og gaman að fylgjast með nemendum sem komnir eru á þennan stað í sínu tónlistarnámi.

Píanóhringekjan var haldin í aprílbyrjun, en þar gefst píanónemendum sem alla jafna eru í einleikshlutverki tækifæri til að leika fjór- og sexhent á píanó. Líflegir og skemmtilegir tónleikar.

Framundan eru svo ýmsir viðburðir og verkefni:

- „**Burtu með fordóma**“ – **Fjölskyldutónleikar 1. maí kl. 15.00**, í íþróttahúsi Vallaskóla. Sinfóníuhljómsveit Suðurlands í samstarfi við Tónlistarskóla Árnesinga, alla leikskóla í Árborg og Menningar- og upplýsingadeild Árborgar, ásamt tvíeykinu Gunna og Felix. Stjórnadi er Guðmundur Óli Gunnarsson. – Miðasala á Tix.is.
- **Glæsilegir píanótónleikar** í sal skólans Eyravegi 9, 2. maí kl. 17:00. Flytjendur eru margverðlaunaðir ungir píanóleikarar, þeir Aristo Sham og Tom Borrow.
- **Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands og kóra**, í íþróttahúsi FSu, 2. maí kl. 19:00. Þar tekur m.a. þátt sönghópur Tónlistarskóla Árnesinga.
- **Framhaldsprófstónleikar Karolinu** Konieczna í söng, í Selfosskirkju 12. maí kl. 18:00
- **Framhaldsprófstónleikar Sylvíu** Rossel í blokkflautuleik, í Hveragerðiskirkju 13. maí kl. 18:00
- **Smiðjuvika 12. – 16. maí**. Kennsla stokkuð upp og nemendum boðið upp á námskeið og smiðjur í stað hefðbundinnar kennslu.
- **Skólaslit** með hefðbundnum hætti á öllum kennslustöðum 19. – 23. maí, þar sem fléttast saman tónlistardagskrá og afhending prófskírteina.

Rekstur skólans - Kjarasamningar

Rekstur skólans var í nokkuð góðu jafnvægi árið 2024 sem sjá má í ársreikningi. Halli var á launalið vegna innanhússtillögu ríkissáttasemjara sem gildi frá 1. júní 2024. Innistæða var fyrir þeim hækkunum og því voru sveitarfélögin ekki rukkuð um mismuninn fyrir árið 2024.

Kjarasamningar voru loks undirritaðir núna í ársbyrjun, sem gilda frá 1. febrúar 2025 til 31. mars 2028.

Samkvæmt kjarasamningi varð 8% hækkun 1.2.2025 og 3,5% 1.4.2025.

28. apríl 2025
Helga Sighvatsdóttir
skólastjóri